




„Menningarveisla“ í Malmö

Malmö, borgin handan við sundið, gengst fyrir stórra norrænni hönnunar-kynningu í sumar. Sýningin mun standa frá júníbyrjun til september

Hönnun

Stefán Snæbjörnsson

Baltíska sýningin 1914 og NordForm 90

Kveikjan að þessari stóru norrænu hönnunarsýningu á rætur í baltísku sýningunni 1914, sem Malmö gekkst þá fyrir og vakti á sínum tíma mikla athygli. Hugmyndin nú var í upphafi að minnast þessarar sýningar á 75 ára afmæli hennar árið 1989. Þegar undirbúningur hófst 1987 fyrir NordForm-sýninguna varð brátt ljóst að fyrirvarinn var of stuttur fyrir svo yfirgripsmikla sýningu og því ákveðið að sýningin stæði sumarið 1990.

Malmö kallaði norrænu „hönnunarfélögin“, þar á meðal Form Ísland, til ráðuneytis um undirbúning og skipulag sýningarinnar og hefur það starf nú staðið í nær 4 ár. NordForm 90 á að kynna það besta sem nú er gert í norrænni hönnun og tekur sýningin til byggingarlistar, iðnhönnunar, listiðnaðar, samskiptahönnunar og flestra annarra sviða sem tengjast hönnun í nútímapjöðfélagi Norðurlanda. Sýningin býður jafnframt upp á margháttada kynningu á list, hvaða nafni sem nefnist, tónlist, leiklist, myndlist og ekki síst umhverfislist, svo sem innréttingu gatna og torga þar sem „maðurinn“ lifir og hrærist.

Malmö

Malmö hefur lengið ver „hlið“

Svifjóðar að meginlandinu. Staðsetning borgarinnar syðst á Skáni, steinsnar frá Kaupmannahöfn, hefur gert hana mikilvæga í sambandi við samgöngur. Þetta átti þó einkum við á fyrri tímum þegar allar samgöngur við meginlandið voru um landveg og sjó. Malmö, sem þýðir í raun „sandhæð“, hefur af þessum ástæðum gegnt mikilvægu sögulegu hlutverki, lengi var borgin undir dönsku krúnunni, en ekki er til efni til að fjalla nánar um þá sögu hér.

NordForm 90

Sýningin NordForm 90 verður staðsett á „Hjálmarsbryggju“ (Hjälmarkajen), sem er andspenig viðlegukanti flugbátanna sem ganga milli Malmö og Kaupmannahafnar. Á þessu hafnar-svæði hefur Malmö reist sýningarhallir, leiksvið, útisvæði, veitingasali og margt annað sem verður rammur um sýninguna.

Meginuppistaðan á sýningunni eru þrír sýningarskálur:

Skáli I

Þessi skáli hefur verið byggður sérstaklega til að rúma listiðnaðarsýningu Norðurlandanna. Ljóst er að í þessum skála mætast þeir norrænir listiðnaðarmenn sem hæst ber í dag, allir eru þeir starfandi, og verk þeirra öll frá síðustu árum. Fulltrúar Íslands í listiðnaðarsýningunni verða: Ásgerður Búadóttir, textilhönnuður, Guðbrandur J. Jezorski, gullsmiður, Hólmfríður Árnadóttir, textilhönnuður, Jón Snorri Sigurðsson,

gullsmiður, Kolbrún Björgúlfadóttir, leirlistamaður, Málfríður Aðalsteinsdóttir, textilhönnuður, Sigrún Ólöf Einarsdóttir, glerlistamaður, Sören S. Larsen, glerlistamaður, Borghildur Óskarsdóttir, leirlistamaður, Guðný Magnúsdóttir, leirlistamaður, Jens Guðjónsson, gullsmiður, Jónína Guðnadóttir, leirlistamaður, Leifur Breiðfjörð, myndlistarmaður, Ragna Róbertsdóttir, textilhönnuður, Sigurlaug Jóhannesdóttir, textilhönnuður.

Útilistaverk

Framan við listiðnaðarskálann er trjágarður, þar sem komið verður fyrir einu listaverki frá hverju landanna fimm. Að þessu sinni var ákveðið að fela einum listiðnaðarmanni frá hverju landi að senda tillögur um verk sem reist skyldi í útgarðinum. Það er Hansína Jensdóttir, gullsmiður og myndhöggvari, sem þar verður fulltrúi Íslands.

Raðhús

Malmö efndi til samkeppni meðal norrænna arkitekta um raðhús tíunda áratugarins. Eitt raðhús var valið frá hverju landanna og hafa Malmö og samstarfsaðilar þegar látið byggja þessi hús. Guðmundur Jónsson, arkitekt, varð hlutskarpastur 10 íslenskra arkitekta, sem sendu tillögur til samkeppninnar. Tvö íslensk fyrirtæki hafa tekið að sér að innrétta raðhúsið. Þau eru: GKS hf. og Brúnas hf. Form Ísland og Arkitektafélag Íslands hafa leitað til nokkurra fyrirtækja

um fjárhagslegan stuðning við þetta verkefni. Áður hefur verið fjallað um raðhúsið í Morgunblaðinu.

Skáli II

Í skála II sem er 1800 m² að flatarmáli verður komið fyrir sýningu á iðnhönnun. Meginþemað er „aðgerðin að sitja“. Mörg hundruð stólum af hinum ólíkustu gerðum verður þar fyrir komið. Allt eru það stólar, sem hannaðir eru á síðustu 10 árum eða svo. Í skála II verður einnig komið fyrir sýningu á nytjagleri, leir og postulíni — eldhúsinnréttingum og hönnun er tekur mið af hreyfihömluðum. Í því sambandi má sérstaklega nefna finnskt eldhús fyrir hreyfihamlaða, sem byggist á svokölluðu hvílskerfi, þar sem hlutir hreyfast og vinna eftir hljóðmerkjum frá notanda. Ýmsar nýjungar í hönnun er varða heilsugæslu og búnað í því sambandi verða sýndar í þessum skála. Auk þess má nefna búnað til íþróttatímstundaiðkana.

Íslenskir hönnuðir sem eiga verk í skála II eru: Daði Harðarson og Hjördis Guðmundsdóttir, leirkerasmiðir, Inga Elín Kristinsdóttir, glerhönnuður, Pétur Lúthersson, húsgagnaarkitekt, Valdimar Harðarson, arkitekt.

Útisvið

Stórt leiksvið er byggt á staðnum. Áhorfendasvæðið rúmar um 10 þúsund áhorfendur, en minni leiksvið tengjast einnig þessu útirými. Hér gefst ómælt tækifæri fyrir leikhópa, tónlistarfólk og

aðra til að ná athygli stórra áhorfendahópa.

Innrétting götunnar

Malmö bauð til lokaðrar samkeppni um tillögur að „innréttingu götunnar“. Arkitektarnir Dagný Helgadóttir og Guðni Pálsson voru fulltrúar Íslands í þessu sambandi. Tillögur þeirra þóttu athyglisverðar og hluti tillögunnar verður framleiddur sem NordForm 90 — eining og notaður á sýningar-svæðinu.

Paradís

Börnin hafa ekki gleymst. Byggt verður sérstakt svæði fyrir börn á öllum aldri. Meginhugmyndin byggist á vatni, hvaða þýðingu það hefur og hvernig það í raun er forsenda lífs. Við erum leidd í gegnum paradísargarðinn, með vatninu, sem að lokum fellur fram af bryggjunni og hverfur í hafið.

Skáli III

Skáli III er hannaður af leikhúsfólki frá Landskrona. Hér er litið til beggja átta, fram og aftur í tíma. Hugmyndafræðin um „Ask Yggdrasils, lífstréð“ er kjarni þeirra hugmynda sem að baki býr þessari stóru sýningu.

Annað

Við bryggjukantinn í skipum og víða á svæðinu verður komið fyrir veitingastöðum, sem uppfyllt geta þarfir þreyttra skoðenda, yljað um hjartarætur á skánskum síðkvöldum.

Þátttaka Íslands

Þó að hér sé ekki um að ræða sýningu á vegum Norðurlandaráðs má fúslega viðurkenna að þátttaka Íslands í sýningum ráðsins á sviði hönnunar undanfarnir 10 ár er ástæða þess að Íslandi er hér boðin full hlutdeild. Ísland hefur í þessu efni, einsog víða í sambandi við kynningu á norrænni menningu, notið skilnings og velvilidar. Hvað hönnunarsviðin varðar mætti skilningurinn þó vera meiri inná við. Form Ísland hefur notið nokkurs stuðnings frá menntamálaráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu í sambandi við þátttöku í undirbúningi sýningarinnar. Þá hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir veitt sérstakan stuðning í sambandi við innréttingu raðhússins eins og áður er sagt.

Menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, á sæti í heiðursnefnd sýningarinnar ásamt öðrum ráðherrum frá Norðurlöndum. Þá á Örn D. Jónsson, formaður Form Ísland, sæti í heiðursnefndinni.

Full ástæða er til að hvetja alla sem leið eiga um Norðurlönd á komandi sumri til að leggja lykkju á leið sína og heimsækja Malmö og NordForm 90.

Höfundur er innanhússarkitekt og hefur verið fulltrúi Form Ísland í undirbúningsnefnd NordForm 90.



**Stórhljómsveitin
UPPLYFTING**



heldur uppi fjöri
Snyrtilegur klæðnaður

Nillabar

Jón forseti og félagar halda uppi fjöri
Ópið frá kl. 18-03.

Gömlu dansarnir
í Ártúni

annað kvöld frá kl. 21.30
— 03.00

Hljómsveitin NÝJA-BANDIÐ
Söngkona Kristbjörg Löve

Dansstuðið er í Ártúni

Ártún VEITINGAHÚS

Vagnhöfða 11, Reykjavík, sími 685090.



DANSHÚSIÐ
í Glæsibæ

Danshljómsveitin

okkar

ásamt

Þorvaldi

Halldórssyni

föstudags- og
laugardagskvöld.

